

Nr. 116 / 10 Jóhanna Steinunn ÍS 5**Vélarbilun og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 7668
Smíðaður: Bolungarvík 2010 plast
Stærð: brl. 4,56 bt.
Mesta lengd: 7,85 m Skráð lengd: 7,81 m
Breidd: 2,41 m Dýpt: 1,25 m
Vél: Sabre 86,4 kW 1997
Fjöldi skipverja: 2

Gögn:
Gögn RNS

©

Málið afgreitt á fundi 26. nóvember 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 26. ágúst 2010 var Jóhanna Steinunn ÍS 5 á siglingu á Ísafjarðardjúpi skammt undan Ósvita. Veður: NA 5 m/sek á veðurstöð Bolungarvík kl. 15:00

Skipstjóri varð var við gangtruflanir í vélinni og stöðvaði hana til að kanna hvað væri að en komst ekki að niðurstöðu. Hann gangsetti vélina aftur en þá kom ókennilegur hávaði frá henni þannig að hann stöðvaði hana strax og kallaði eftir aðstoð. Lúkas ÍS 71 var á landleið og dró Jóhönnu Steinunni ÍS til Bolungarvíkur.

Við skoðun kom í ljós, eftir að botnpannan hafði verið fjarlægð, að sveifarás vélarinnar var brotinn.

Við rannsókn kom fram:

- að sveifarásinn var brotinn á miðju vélarinnar á höfuðlegu númer fjörur sem er á milli þriðju og fjórðu stangarlegu. Vélin er sex sílendra línubýggð;
- að eigandi sagðist hafa keypt vélina ný upptekna og keyrt hana frá því hún var sett í bátinn fyrr á árinu. Honum hafi fundist vélin vera í mjög góðu ástandi.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.